

Hver hinna ákærðu greiði skipuðum verjanda sinum málsvarnarlaun þannig:

Ákærði Snorri Jónsson hrl. Sigurði Ólasyni kr. 2000.00, ákærði Jóhannes Sæmundur Pálsson hrl. Eggert Claessen kr. 2000.00, ákærði Ástráður Proppé hrl. Gústaf A. Sveinssyni kr. 2000.00, ákærði Sigurður Jónsson hrl. Theódór B. Líndal kr. 1500.00, ákærði Gíslí Kristjánsson hrl. Sveinbirni Jónssyni kr. 500.00, ákærði Þórður Halldórsson hrl. Sigurði Ólasyni kr. 800.00, ákærði Þorgils Hólmfreð Georgsson hrl. Einari B. Guðmundssyni kr. 500.00 og ákærði Baldur Þorgilsson hrl. Magnúsi Thorlacius kr. 500.00. Ákærðu, er setið hafa í gæzluvarðhaldi, greiði hver kostnað við gæzluvarðhald sitt. Annan sakarkostnað greiði allir hinir ákærðu in solidum að $\frac{1}{3}$, en $\frac{2}{3}$ hluta greiði ákærðu Snorri Jónsson, Jóhannes Sæmundur Pálsson, Ástráður Proppé og Sigurður Jónsson in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. janúar 1948.

Nr. 100/1947. **Ólafur Jónsson** (Hrl. Magnús Thorlacius)

gegn

Nikulási Steingrímssyni. (Enginn)

Húsaleigumál. Útburðargerð.

Dómur hæstaréttar.

Fulltrúi borgarfógeta, Þorsteinn S. Thorarensen, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Þegar mál þetta var þingfest í hæstarétti, kom enginn fyrir dóm af hálfu stefnda, þótt honum hafi verið löglega stefnt, og hefur málið þess vegna verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 16. sept. 1947 og krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Með vætti þriggja vitna verður að telja sannað, að stefndi hafi í óleyfi ráðizt inn í íbúð áfrýjanda aðfangadagskvöld

jóla 1946 og veitzt þar að nafngreindum manni, sem þar var gestkomandi, með meinyrðum og hótunum. Einnig er sannað með vætti þriggja annarra vitna, að stefndi var með slík drykkjulaeti og háreysti í íbúð sinni að kvöldi þess 3. janúar 1947 og langt fram eftir næstu nótt, að svefnfriður var ekki í húsinu, og tvisvar sinnum kom hann þá óboðinn inn í íbúð áfrýjanda og hagaði sér þar illa. Með þessu þykir stefndi hafa gert svo á hluta áfrýjanda, að honum sé verulega óþægilegt að hafa stefnda í húsinu, sbr. 2. gr. laga nr. 39/1943. Ber því að fella hinn áfrýjanda úrskurð úr gildi að þessu leyti og leggja fyrir fógeta að framkvæma útburðargerðina. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Fógeta ber að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 31. júlí 1947.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 5. þ. m., hefur gerðarbeiðandi Ólafur Jónsson Bergstaðastræti 53, krafizt þess, að gerðarþoli Nikulás Steingrímsson verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur undanfarið haft á leigu í húsinu nr. 53 við Bergstaðastræti.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Húsið nr. 53 við Bergstaðastræti er eign gerðarbeiðanda Ólafs Jónssonar frá því 15. sept. 1945, og býr gerðarbeiðandi á efri hæð hússins og hefur þar til afnota 2 herbergi og eldhús. Á sömu hæð býr enn fremur gerðarþoli Nikulás Steingrímsson og hefur einnig 2 herbergi og eldhús.

Hinn 19. marz s. l. ritar gerðarbeiðandi fógetaréttinum og krefst útburðar á gerðarþola vegna óþolandi ónæðis, er stafi af drykkjuskap hans og standi öðrum íbúum hússins fyrir næði og svefni. — Gerðarbeiðandi hafði áður lagt atriði þetta undir húsaleignefnd, en hún gaf þann úrskurð, að gerðarþoli skyldi ekki talinn hafa fyrirgert leigurétti sínum fyrir ofangreindar sakir.

Gerðarbeiðandi hefur skýrt svo frá, að þegar hann flutti í húsið í september 1945 hafi töluvert borið á drykkjuskap gerðarþola, allt fram undir áramót 1945—46, en þá hafi gerðarþoli gengið í stúku, og hafi þá orðið nokkurra mánaða hlé á ólátum af hans völdum. Síðan hafi þau hafizt af nýju og átt sér stað oft í mánuði og oft staðið fram eftir nóttu. Til dæmis hafi drykkjulæti stafað frá gerðarþola hinn 19. og 27. desember 1946 og hinn 4. jan. 1947. Hafi þá orðið hlé þar til kvöldið 17. apríl og aðfaranótt hins 18., en þá hafi kveðið mikið að hávaða frá íbúð gerðarþola. Enn fremur hinn 11. maí s. l.

Gerðarþoli mótmælir algerlega útburðarastæðu þeirri, sem fram er færð af hendi gerðarbeiðanda. Kveðst hann aldrei neyta áfengis í heimahúsum, en fyrir komi að hann komi heim undir áhrifum áfengis, þó aldrei í fylgd með ölvuðum mönnum. Hann kveðst aldrei hafa í frammi hávaða undir þessum kringumstæðum.

Gerðarbeiðandi hefur leitt nokkur vitni málstað sínum til sönnunar. Vitnið Sigurður Magnússon skýrir svo frá, að mikill hávaði og ónæði hafi stafað af öläði gerðarþola kvöldið 3. jan. og aðfaranótt 4. jan. s. l. Þá hafi gerðarþoli komið tvisvar óboðinn inn í íbúð gerðarbeiðanda og hegðað sér þar ósiðlega. Vitnið Elin Kristjánsdóttir kveðst hafa fengið að sofa í íbúð gerðarbeiðanda frá 8. til 23. desember 1946 og hafi tvisvar á þeim tíma komið fyrir, að gerðarþoli hafi verið ölvaður heima hjá sér, og hafi haft í frammi slíkan hávaða, að ekki hafi verið svefnfríður fyrr en langt var liðið nætur. Þá kveðst vitnið hafa verið stödd í íbúð gerðarbeiðanda kvöldið 24. desember 1946, og hafi þá gerðarþoli komið þar inn, nokkuð ölvaður. Hafi hann veitst að Magnúsi Sigurðssyni, eiganda og íbúa neðri hæðar hússins, sem þar hafi verið staddur, með ýmiss konar svivirðingum og hótunum. Nefndur Magnús Sigurðsson hefur einnig mætt sem vitni, og hefur hann skýrt svo frá, að mikið kveði að ölädishávaða af völdum gerðarþola, t. d. aðfaranótt 4. janúar s. l. Telur vitnið hegðun gerðarþola óviðunandi að þessu leyti. Vitnið Magnús G. Guðmundsson kveðst um s. l. áramót hafa verið statt í íbúð gerðarbeiðanda að kveldlagi. Hafi þá gerðarþoli komið þar inn óboðinn og öldrukkinn, og veizt að Magnúsi Sigurðssyni, sem þar var staddur, með ókvæðis-orðum. Kveðst vitnið oft síðan hafa komið á heimili gerðarbeiðanda að kveldlagi, en aldrei hafa orðið vart neins ónæðis af völdum gerðarþola. Vitnið Sigmar S. Jónsson, sem kveðst hafa verið daglegur gestur á heimili gerðarbeiðanda s. l. ár, skýrir svo frá, að komið hafi fyrir, að gerðarþoli hafi verið undir áhrifum áfengis, en að sínu áliti hafi þó ekki stafað af því neitt ónæði. Vitnið Guðrún Sigurjónsdóttir kveðst hafa verið tíður gestur hjá gerðarbeiðanda, eftir að hann flutti í hús þetta, og hafi hún þá oft orðið vör við drykkjulæti í íbúð gerðarþola, stundum kvöld eftir

kvöld, og hafi það staðið íbúum hússins fyrir svefni lengi nætur. Reyndar kveðst hún ekki hafa orðið vör við hávaða af völdum gerðarþola á s. l. vetri.

Gerðarþoli hefur einnig leitt nokkur vitni, og bera þau öll á þann veg, að þau telji hegðun gerðarþola sem íbúa hússins óaðfínanlega með öllu. Ekkert vitna þessara býr í húsinu, en kveðast koma oftlega á heimili gerðarþola. Gerðarþoli mótmælir því að gerðarbeiðandi hafi nokkru sinni fundið að hegðun sinni við sig, áður en mál þetta var höfðað fyrir húsaleigunefnd.

Það verður að telja nokkurn veginn sannað, að gerðarþoli hafi aðfaranótt hins 4. janúar s. l. haft í frammi yfiringang við gerðarbeiðanda og fólk á hans vegum. Hins vegar verður ekki talið sannað, gegn mótmælum gerðarþola, að hann hafi gert íbúum hússins ónæði með framferði sínu eftir þann tíma, né heldur að gerðarbeiðandi hafi kvartað við gerðarþola vegna illar hegðunar hans, áður en útburðarmál þetta var höfðað.

Verður samkvæmt framansögðu ekki talið, að gerðarþoli hafi brotið af sér leigurétt sinn af þeim ástæðum, sem gerðarbeiðandi hefur gefið honum að sök. Ber því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Samning úrskurðar þessa hefur dregizt vegna veikinda fógeta.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal ekki fram fara.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 2. febrúar 1948.

Nr. 57/1946. Magnús Andrésson

gegn

Þórshamri h/f.

Dómur hæstaréttar.

Í þinghaldi 30. f. m. var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, að mál þetta yrði hafið.

Af hálfu stefnda var sótt þing og krafizt ómaksbóta.

Málið er hafið og greiði áfrýjandi Magnús Andrésson stefnda Þórshamri h/f 300 krónur í ómaksbætur að viðlagði aðför að lögum.